

# SKIMUN FYRIR FJÖLÓNÆMUM BAKTERÍUM

Í fyrstu mæðraskoðun skal meta þörf á skimun fyrir fjölonæmum bakteríum og mikilvægt er að endurmeta þörf fyrir skimun ef kona nýtir sér heilbrigðisþjónustu erlendis seinna á meðgöngunni.

Ef eftirfarandi spurningum er svarað játandi skal taka sýni fyrir MÓSA, BBL og VÓE.

- Hefur kona verið á erlendri heilbrigðisstofnun á síðustu sex mánuðum og dvalið þar meira en 24 tíma?
- Hefur kona farið í ómun um leggöng eða haft æðalegg eða þvaglegg í meira en 4 klst á heilbrigðisstofnun erlendis?
- Hefur kona áður greinst með ónæmar bakteríur?
- Er kona flóttamaður eða hælisleitandi?

Ef eftirfarandi spurningu er svarað játandi er einungis þörf fyrir að taka sýni fyrir MÓSA.

- Hefur kona verið með kýli eða endurteknar húðsýkingar sl. 6 mánuði, sem voru meðhöndlaðar með sýklalyfjum?

Þetta á **ekki** við um stakar blóðprufur eða lyfjagjafir í æð/vöðva, þannig að konurnar sem einungis hafa farið í rútínublóðprufur í mæðraskoðun erlendis þurfa ekki MÓSA leit, nema þær hafi farið í vaginal ómskoðun.

Strok vegna MÓSA er tekið frá:

- nössum
- koki
- spöng
- sárum og exemblettum ef til staðar eru

Strok vegna BBL og VÓE er tekið frá:

- endaparmi (nota skal einn ræktunarpinna fyrir hvora ræktun)

Notaðir eru ræktunarpinnar fyrir almenna ræktun sem vættir eru í saltvatni, einn pinni í hvert strok.

Á sýkingavarnadeild LSH fást frekari upplýsingar, s. 543 1414.

- *MÓSA = meticillin ónæmur staphylococcus aureus.*
- *BBL= Breiðvirkir betalaktamasar (ESBL/AmpC/karbapenemasa myndandi bakteríur)*
- *VÓE = Vancomycin ónæmir enterokokkar*

Ef skimun hefur ekki verið gerð hjá konu í áhættuhópi fyrir MÓSA, BBL eða VÖE þegar hún kemur inn í fæðingu eða innlögn, fer af stað mikið ferli einangrunar og vistarverur hennar (móttökuherbergi, fæðingarstofa, skurðstofa, sængurlegustofa) verða ónothæfar í nokkra daga.

**MÆÐRAVERND PRÓUNARSVIÐS HH, ENDURSKOÐAÐ MARS 2018**